

SAMTÖK FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

ÁRSSKÝRSLA

2011 – 2012

Aðalfundur 22. mars 2012

Hilton Reykjavík Nordica



S A F

Samtök ferðaþjónustunnar

www.saf.is

EFNISYFIRLIT

	<u>Bls.</u>
Ávarp formanns	3
Efnahagur og hagtölur	5
Markaðsmál - gæðamál	7
Samskipti við stjórnvöld	10
Samtök atvinnulífsins	14
Umhverfismál	15
Mennta- og fræðslumál	15
Erlend samskipti	19
Innra skipulag	20
Aðalfundur	22
Ályktanir aðalfundar	23
Félagsfundir	24
Samingar SAF og bestu kjör	25
Skrifstofa og starfsfólk	26
Ýmislegt	27

ÁVARP FORMANNS



Kæru félagsmenn.

Ferðapjónusta á Íslandi hefur á undanförunum árum vaxið mikið og síðastliðið ár er engin undantekning í þeim efnum. Þannig jukust komur erlendra ferðamanna til landsins um 16% miðað við fyrra ár og hefur hlutdeild ferðapjónustunnar í þjóðartekjum aldrei verið meiri. Miklum vexti fylgja þó ýmsir vaxtaverkir og þarf að huga vandlega að þeim ef vel á að takast til. Vöxtur í komum erlendra ferðamanna hefur að miklu leyti verið á tiltölulega skömmum tíma yfir hásumarið. Nýting innviða, álag á fjölsóttu ferðamannastaði og arðsemi greinarinnar líða fyrir þessa þróun. Það var því eðlilegt að Samtök ferðapjónustunnar hefðu fyrir rúmlega ári síðan frumkvæði að því að kalla saman helstu hagsmunaaðila til að skoða hvernig hægt væri að breyta þessari þróun þannig að fjölgun erlendra ferðamanna til landsins yrði fyrst og fremst utan háannatímans. Við fengum Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands til að leggja á það áherslu í kjarasamningum síðasta árs að stjórnvöld kæmu að slíku verkefni með fjárframlagi til móts við atvinnugreinina sjálfa og aðra hagsmunaaðila. Samningur um ÍSLAND ALLT ÁRIÐ var síðan formlega undirritaður í Hörpu þann 10. október síðastliðinn. Mikil þátttaka félagsmanna SAF var grundvöllurinn að því að vel tókst til að safna framlögum til móts við hlut stjórnvalda. Verkefnið ÍSLAND ALLT ÁRIÐ er hugsað til þriggja ára og hefur nú þegar farið vel af stað. Gífurlega mikil umfjöllun varð í erlendum fjölmiðlum

síðastliðið haust um hið einstaka verkefni „Bjóðum heim“ þar sem mikill fjöldi landsmanna með forseta Íslands Hr. Ólaf Ragnar Grímsson í fararbroddi ákvað að bjóða til sín erlendum ferðamönnum til að upplifa íslenska menningu með mjög fjölbreyttum hætti. Framhald þessa verkefnis höfum við síðan verið að upplifa með hinu sérsníðaða eldhúsi á hjólum sem vakið hefur mikla athygli. Íslandsstofa hefur haldið utan um verkefnið með miklum myndarbrag og eiga starfsmenn stofunnar ásamt öðrum sem að framkvæmdinni koma heiður skilinn fyrir sína vinnu.

Stofnaður var sjóður á síðasta ári að frumkvæði stjórnvalda með það að markmiði að mæta auknu álagi á fjölsóttu ferðamannastaði. Ljóst er að ýmsir staðir hafa látið á sjá á undanförunum árum þar sem fjármagn hefur skort til að hlúa betur að þessum stöðum. Í mörgum tilfellum hefur ekki verið unnin sú grunnskipulagsvinna sem nauðsynleg er til að vel verði að verki staðið og að metnaður sé ráðandi í hönnun og útfærslu á framkvæmdum. Það er því ánægjulegt að stefnt sé að því að auknu fé verði varið til þessara mála því við verðum að hlúa að náttúruperlum okkar með ábyrgum hætti. Fjármögnun sjóðsins hefur hinsvegar verið í skötulíki. Lagt var af stað með ýmsar hugmyndir um nýja skatta á atvinnugreinina en nýjir skattar virðist vera sú leið sem helst er horft til að þegar fjármagn vantar. Það virðist alveg gleymast að með auknum fjölda ferðamanna aukast tekjur ríkisins án breytinga á skattkerfinu. Þannig má áætla að beinar skatttekjur ríkisins bara af þeirri aukningu sem varð í komum erlendra ferðamanna á síðasta ári nemi um 2 milljörðum og eru þá ekki taldar til óbeinar tekjur ríkisins en þær margfalda þessa tölu. Er nokkuð óeðlilegt að gera kröfu um að hluti af þessum skatttekjum renni til þess að tryggja að áframhaldandi vöxtur í greininni verði á sjálfbæran hátt án þess að skerða gæði þeirra staða sem helst eru aðráttar afl fyrir erlenda ferðamenn. Sá skattur sem nú hefur verið lagður á gístaði hefur ekki bara verið gagnrýndur harðlega af stjórn SAF heldur hefur innheimtumaður ríkisins, ríkisskattstjóri, séð ástæðu til þess að gagnrýna mjög uppsetninguna og framkvæmd þessa sértæka skatts á gistingu. Ég vil því enn og aftur hvetja stjórnvöld til að falla frá þessari skattheimtu og huga frekar að öðrum leiðum til að afla fjár til framkvæmda, annaðhvort af núverandi skattstofnum eða með því að skoða leiðir til að afla fjár hjá þeim sem fara á viðkomandi staði.




Stjórn SAF 2011-2012 ásamt framkvæmdastjóra. F.v.: Sævar Skaptason, Friðrik Pálsson, Ingibjörg G. Guðjónsdóttir, Árni Gunnarsson formaður, Lára B. Pétursdóttir, Ingólfur Haraldsson, Þórir Garðarsson og Erna Hauksdóttir framkvæmdastjóri SAF.

Það hefur verið í mörg horn að líta á undanfögnu starfsári Samtaka ferðaþjónustunnar meðal annars þurftum við að takast á við enn eitt eldgosíð, rof hringvegarins á háanna tíma við Múlakvísl og gerð nýrra kjarasamninga til þriggja ára sem var gífurlega mikilvægur áfangi en öllum þessum verkefnum verður ekki gerð skil í þessum stutta pistli. Meðbyr með atvinnugrein okkar er mikill og það er gaman að starfa í grein sem vex og dafnar ár frá ári. Það þarf þó stöðugt að huga að umgjörð greinarinnar og þar hafa starfsmenn samtakanna staðið vaktina með þrýði og vil ég þakka þeim fyrir framúrskarandi metnað við störf sín á síðasta ári. Fagnefndirnar auk umhverfisnefndar eru gífurlega mikilvægar til að haldið verði sem best utan um ólíka

starfsemi atvinnugreinarinnar og ber að þakka öllum þeim fjölda félagsmanna fyrir hið óeigingjarna starf sem unnið er í þessum nefndum og í hinum ýmsu starfshópum sem við tökum þátt í. Meðlimum stjórnar SAF vil ég einnig þakka fyrir frábært samstarf á síðastliðnu starfsári.

Framtíð Íslands sem ferðamannalands er björt og er ég sannfærður um að okkur muni takast að gera enn betur á komandi árum.

*Með kveðju,
Árni Gunnarsson*



EFNAHAGUR OG HAGTÖLUR

Íslenskt efnahagslíf er heldur að rétta úr kútnum þótt margir vildu sjá hraðar ganga og snýr gagnrýnin helst að ónógum fjárfestingum og síauknum sköttum. Hagvöxtur er að aukast en verðbólga er á hraðri leið og er komin í 6.5% sem er ávísun á hækkandi vexti. Atvinnuleysi er enn mikið ekki síst þegar horft er til þess að mikill fjöldi landsmanna hefur flust úr landi. Sameiginlegt verkefni vinnuveitenda, launþega og ríkisvaldsins til að efla vinnumiðlun og stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum er í gangi sem vonast er til að auki líkur á að atvinnuleitendur fái störf að nýju á vinnumarkaði. Það er mikilvægt fyrir allt atvinnulífið. Ferðaþjónustan gekk vel á síðasta ári og ef allt heldur fram sem horfir þá lítur árið 2012 vel út. Ferðaþjónustan í heiminum hefur aukist og er útlit ágætt fyrir þetta ár. Búið er við því að milljarður jarðarbúa verði á faraldsfæti árið 2012. Efnahagsástandið í Evrópu virðist ekki hafa haft áhrif hér á landi enn sem komið er en það er jafnan áhyggjuefni ef illa árar í helstu viðskiptalöndum. Gengislækkun krónunnar í kjölfar hrunsins árið 2008 hækkaði skuldir fyrirtækja í ferðaþjónustu verulega en hún jók kaupmátt erlendra ferðamanna mikið á móti.

Ferðaþjónustan er ein þriggja meginstoða í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar og mun íslenskt efnahagslíf treysta í síauknum mæli á hana í framtíðinni. Hún mun ekki standa undir þeim væntingum nema búa við samkeppnishæft rekstrarumhverfi og stóraukningu viðskipta yfir vetrartímann en unnið er að því með verkefninu ÍSLAND ALLT ÁRIÐ. Markmiðið með verkefninu er að fjölga erlendum ferðamönnum yfir veturinn (september-apríl) árin 2011-2014 um 100 þúsund. Nú þegar er aukningin orðin tæplega 30 þúsund. Meginmarkmið aukinnar ferðaþjónustu utan háannar er að auka nýtingu fjárfestinganna sem leiða mun til meiri arðsemi fyrirtækjanna. Það er því brýnast að verðmætasköpun aukist í þjóðfélaginu m.a. með aukinni vetrarferðaþjónustu og auknum fjárfestingum almennt, sköttum verði stillt í hóf, gengi krónunnar haldist stöðugt og gjaldeyrishöft verði afumin. Óhófleg skattlagning á ýmis aðföng s.s. eldsneyti hefur víða mikil áhrif á rekstur fyrir-

tækja, bæði flugfélaga sem og annarra vélknúinna tækja sem notuð eru í ferðaþjónustu í miklum mæli auk þess sem gistináttaskatti hefur verið bætt við fjölbreytta flóru skatta í atvinnulífinu.

Erlendir gestir til landsins

Árið 2011 komu tæpl. 566 þúsund erlendir gestir til landsins og nemur fjölgunin 15.8% frá fyrra ári. Langmesta aukningin var frá Bandaríkjunum en þeim fjölgaði um 26.395 manns eða 51.6%. Bandaríkjamenn voru fjölmennastir en þar næst komu Bretar, Þjóðverjar, Norðmenn og Danir. 95.6% gestanna komu til Keflavíkurflugvallar en aðrir komu til annarra flugvalla innanlands eða til Seyðisfjarðar með Norrænu.

Helmingur erlendra ferðamanna kemur yfir sumarmánuðina þrjá júní – ágúst og hefur það valdið vonbrigðum hversu illa hefur gengið síðustu misseri að auka hlutfallið utan háannar. Aukningin yfir sumarið nam 16.6%. Á haustmánuðum, september-október,

Fjöldi erlendra ferðamanna 2000-2011




kom 17% erlendra ferðamanna og var aukningin 20.7% milli ára. Yfir vetrarmánuðina, janúar-mars og nóvember-desember, kom 20% erlendra ferðamanna sem er 9.6% aukning frá fyrra ári. Á vormánuðum, apríl-maí, komu 13% erlendra ferðamanna og var aukningin 35% frá fyrra ári en vekja ber athygli á að á vormánuðum 2010 dró gosið í Eyjafjallajökli verulega úr komum erlendra ferðamanna. Það þarf augljóslega að auka hlutfallið utan háannar og er það markmið markaðsherferðarinnar ÍSLAND ALLT ÁRIÐ.

Árið 2011 komu 63 þúsund farþegar með 67 skemmtiferðaskipum til landsins en þeir eru ekki taldir með í



Prósentuhlutfall aukningar/minnkunar á ferðamönnum 2009-2010 og 2010-2011



tölum yfir erlenda ferðamenn til landsins þar sem þeir gista ekki í landi.

Það ríkir þó nokkur bjartsýni hjá ferðapjónustufyrirtækjum fyrir næsta sumar. Ícelandair hefur bætt við áfangastöðum og fjölgað flugferðum, Wow Air og Easy Jet hefja flug allt árið og erlend flugfélög, sem fljúga hingað næsta sumar, hafa aldrei verið fleiri. Frá áramótum 2011/2012 hafa 54 þúsund erlendir ferðamenn farið frá landinu sem er tæplega 20 prósentu aukning frá árinu áður. Um 51% aukning hefur verið í brottförum Breta og 30% í brottförum Bandaríkjamanna. Þetta eru fróðlegar upplýsingar um þróun í komum hinna ýmsu þjóðerna hingað til lands.

Eftir 4% aukningu í ferðalögum á heimsvísu á síðasta ári spáir Alþjóða ferðamálastofnunin (UNWTO) aukningu árið 2012 en heldur minni. Gert er þó ráð fyrir að ferðum fólks fjölgi úr 980 milljónum og í einn milljarð. Athygli vekur að Evrópa er með helming allra þessara ferða. Víða eru áhyggjur vegna kreppunnar sem er t.d. á evrusvæðinu.

Ferðapjónustureikningar

Ferðapjónustureikningar Hagstofu Íslands (Tourism Satellite Account) hafa nú nýlega verið birtir fyrir árin 2009-2011 en hlutverk þeirra er að meta efnahagsleg áhrif ferðapjónustu fyrir þjóðarbúskapinn.

Samkvæmt nýlegum ferðapjónustureikningum voru gjaldeyrstekjur ferðapjónustunnar 158 milljarðar árið 2009 og eru það u.þ.b. 20% af heildargjaldeyrstekjum þjóðarinnar. Ferðapjónustan er ein af þremur helstu gjaldeyrisskapandi at-

vinnugreinum á Íslandi og hefur hlutdeild hennar verið að aukast. Það bendir allt til þess að gjaldeyrstekjur á árinu 2011 hafi verið um eða yfir 180 milljarðar.

Hlutur ferðapjónustunnar í vergrí landsframleiðslu var 5.9% á árinu 2009 og hækkaði úr 4.6% árið áður. Skýringin er sú að samdráttur var ekki jafnmikill í ferðapjónustunni og annars staðar. Áætlað er að að tæpl. 8.500 manns hafi starfað við ferðapjónustu árið 2009 eða um 5.2% af störfum alls. Störfum fækkaði um 780 störf frá fyrra ári, aðallega í veitingahúsum og flugrekstri. Ferðapjónustan heldur þó hlut sínum í heildarvinnuafla og gott betur. Heildarumsvif fyrirtækja í ferðapjónustu á árinu 2009 námu ríflega 230 milljörðum króna og er þá búið að áætla umsvif íslenskra ferða- og flugpjónustufyrirtækja vegna starfsemi utan Íslands.


Árið 2009 námu skattar á ferðapjónustu rúml. 13 milljörðum króna. Þar er megináherslan lögð á virðisaukaskatt og flugvallargjald. Ekki eru tekin með vörugjöld og tollar sem falla á ferðapjónustugreinar né ýmis sérgjöld í flugi.

Um 40% af umsvifum innlendrar ferðapjónustu á árinu 2009 má rekja til innleindra ferðamanna og hefur hlutfallið minnkað. Ferðaútgjöld Íslendinga innanlands hafa aukist verulega á undanförunum árum en ferðaneysla erlendra ferðamanna hefur aukist hlutfallslega meira.


Gistinætur og gistitekjur

Þegar litið er fjölda gistinátta í heild voru þær tæplega 3 milljónir árið 2010, svipaður fjöldi og árið áður. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 71.2% af heildarfjölda-num og keyptu þjóðverjar flestar gistinætur. 68% gisti-

Fjöldi erlendra ferðamanna eftir þjóðernum 2003-2011



Helstu útflutningsgreinar 2010



nátta voru á hótelum og gistiheimilum. Aðeins eru til-
tækar hjá Hagstofu Íslands upplýsingar um gistinætur
hótela, sem eru opin allt árið, frá árinu 2011 en þær
voru tæpl. 1.5 milljón og var um 14% fjölgun að ræða
frá fyrra ári, 15% fjölgun erlendra gistinátta og 10%
fjölgun innlendra gistinátta. Talsvert er um að Hagstofa
Íslands geti sér til um fjölda gistinátta þar sem gríðar-
legur fjöldi gististaða sendir ekki inn upplýsingar og er
það látið óátalið. Bent er m.a. á mikinn fjölda leyfis-
lausra gististaða en Samtök ferðapjónustunnar hafa
upplýst opinbera aðila um gististaði án rekstrarleyfa og
krefjast meiri aga og aðhalds ekki síst til þess að hag-
tölur á Íslandi séu réttar.

Ljóst er að herbergjanýting hefur lækkað verulega síð-
ustu árin í Reykjavík og er skýringa m.a. að leita til mik-
illar aukningar á framboði gistirýmis. Bent er á úttekkt
SAF á gistirými á höfuðborgarsvæðinu þar sem rúml.
1200 gistirými án rekstrarleyfa fundust. Það er meira
gistirými en á tveimur stærstu hótelum í Reykjavík.

MARKAÐSMÁL – GÆÐAMÁL

Íslandsstofa

Íslandsstofa hefur verið starfrækt síðan í júní 2010 en
með tilkomu hennar er nú öll kynning á viðskiptalegum
hagsmunum Íslands komin undir einn hatt, en í lögun-
um segir að markmið þeirra sé að efla ímynd og orðspor
Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á
erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og
fjárfestingu til landsins. Markaðsverkefni Ferðamála-
stofu og iðnaðarráðuneytis erlendis voru flutt til Ís-
landsstofu við stofnun hennar. Friðrik Pálsson, sem sæti
á í stjórn SAF, er formaður stjórnar Íslandsstofu. Mikil
samskipti eru milli SAF og Íslandsstofu ekki síst vegna
verkefnisins ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ.

Fagráð Íslandsstofu

Innan Íslandsstofu eru starfandi fagráð fyrir
ýmsar atvinnugreinar t.d. fagráð um áherslur
í markaðs- og kynningarmálum erlendis á
sviði ferðapjónustu. Fagráðinu er ætlað að
vera faglegt bakland fyrir stjórn Íslandsstofu
um málefni ferðapjónustunnar og langtíma
stefnumótun. Í fagráðinu eru 11 manns og
þar af 7 félagsmenn SAF þ.m.t. þeir fimm sem
skipa markaðsráð SAF.

ÍSLAND ALLT ÁRIÐ

Nú er hafið eitt stærsta verkefni sem íslensk ferða-
þjónusta hefur sameinast um en það er að stórauka
vetrarferðapjónustu um land allt og höfðu Samtök
ferðapjónustunnar frumkvæði að því verki. Ákveðið
var að nota nafnið ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ og byggja á
hugmyndafræði og ímynd „Inspired by Iceland“ enda
hafði sú auglýsingaherferð vakið mikla athygli og unnið
til alþjóðlegra verðlauna. Markmið þessa starfs er að
auka nýtingu fjárfestinga og fá þannig meiri arðsemi
inn í ferðapjónustuna. Arðsemi í íslenski ferðapjónustu
er ófullnægjandi og má ástæðu hennar að miklu leyti
rekja til mikilla árstíðasveifla. Aukin arðsemi fyrirtækj-
anna er forsenda þess að fyrirtækin geti stundað vöru-
þróun, fræðslu- og gæðastarf og öfluga markaðs-
setningu auk þess sem hún leiðir til fleiri heilsársstarfa
og betra jafnvægis.

Undirbúningsstarf

Allt frá árinu 2010 hefur verið mikil umræða um aukna
vetrarferðapjónustu innan SAF og hafa verið fengnir er-
lendir fyrirlesarar til að segja frá reynslu annarra þjóða.
Í upphafi ársins 2011 kallaði stjórn SAF helstu aðila,
sem að ferðapjónustu koma, til samstarfs og var skip-
aður stýrihópur þar sem sæti áttu fulltrúar stjórnar auk
fulltrúa hinna ýmsu stofnana. Verkefnisstjórn úr þeim
stýrihópi var sett á laggirnar. Kallað var eftir fjármagni
frá ríkinu og settu Samtök atvinnulífsins og Alþýðu-
samband Íslands, sem bæði áttu fulltrúa í stýrihópnum,
það inn í kröfur í tengslum við kjarasamningana. Það
var því stigið stórt skref þegar ríkisstjórnin ákvað á
vormánuðum að setja 300 milljónir á ári í 3 ár í mark-
aðsverkefni í vetrarferðapjónustu og var það skilyrði
sett að fyrirtæki og sveitarfélög jöfnuðu upphæðina.
Sumarið 2011 voru tveir hópar að störfum í því skyni að
undirbúa markaðsstarfið. Greiningarhópur undir stjórn
Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands safnaði gögnum sem til
eru um vetrarferðapjónustu á Íslandi og gerðu könnun



meðal fyrirtækja, hópur undir stjórn Íslandsstofu aflaði gagna frá fjórum viðmiðunarlöndum, Noregi, Finnlandi, Kanada og Nýja Sjálandi en SAF fjármagnaði það verkefni. Markmiðið var að bera saman samkeppnisfærni Íslands gagnvart þessum löndum á sviði vetrarferðaþjónustu og skoða hvernig þau starfa. Í lok ágúst komu út skýrslur um alla þessa vinnu og eru þær á heimasíðu SAF. Í lok sumars fóru fulltrúar SAF, Íslandsstofu og iðnaðarráðuneytis í fundarferð um landið til að kynna verkefnið.

Samningur um 3 ára markaðsherferð

Þann 10. október 2011 var samningur undirritaður um 3 ára markaðsverkefnið ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ en tilgangur þess er að jafna árstíðarsveiflur í komu ferðamanna, skapa þannig ný störf og auka arðsemi í greininni. Þeir sem undirrituðu samninginn voru iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra, Samtök ferðaþjónustunnar f.h. aðildarfélaganna sinna, Icelandair, Iceland Express, ISAVIA, Reykjavíkurborg, Samtök verslunar og þjónustu f.h. aðildarfélaganna sinna og Landsbankinn. Aðilar að samningnum skuldbundu sig með fjárframlögum. Markaðsátakið er rekið af Íslandsstofu og er umsjón með verkefninu á hendi sérstakrar stjórnar þar sem aðilar að samningnum eiga sæti. SAF á þar fulltrúa fyrir hönd félagsmanna sinna. Auk beinna aðila taka u.þ.b. 90 fyrirtæki í ferðaþjónustu þátt í verkefninu.



Frá undirritun samnings um markaðsverkefnið ÍSLAND ALLT ÁRIÐ í Hörfu 10. október sl.

Stefnumótun

Stjórn SAF boðaði til stefnumótunar vegna verkefnisins 27.-28. október 2011. Boðaðar voru fagnefndir SAF, stýrihópur verkefnisins og eigendahópur o.fl. alls 50 manns. Stefnumótunin var hluti af þeirri framkvæmdaáætlun sem sett var í upphafi. Niðurstaða þessarar vinnu var ákveðin framtíðarsýn fyrir árið 2016 og verk-



Frá stefnumótunarfundi í Turninum í október 2011. F.v.: Lára B. Pétursdóttir, Congress Reykjavík, Sævar Skaptason, Ferðaþjónusta bænda, Addý Ólafsdóttir, Icelandair, Kristján Danielsson, Radisson Blu Hótel Saga, Helga Haraldsdóttir, iðnaðarráðuneytið og Markús Einarsson, Bandalag íslenskra farfugla. Að baki þeirra stendur Haraldur Teitsson, Teiti hópferðabílum.

efnum forgangsraðað. Það er því verkefni næstu missera að koma þeim verkefnum í framkvæmd, sum þeirra eru komin vel á veg.

Framgangur

Ákveðið var að fara í haustátak 2011 þar sem ljóst var að ekki yrði unnt að ljúka útboðum til að hefja 3 ára markaðsherferðina að fullu fyrr en í byrjun árs 2012. Ákveðið var að efna til heimboða þ.e. bjóða erlendum ferðamönnum að taka þátt í lífi og starfi Íslendinga sem til þess buðust. Árangurinn fór fram úr björtustu vonum og mikill fjöldi Íslendinga um allt land tók þátt í verkefninu við miklar og góðar undirtektir erlendu gestanna og heimspressunnar. Fréttir um átakið birtust í 57 löndum og fjölluðu margar af stærstu fréttastofum heims um það. Þá náðu heimboðin miklu flugi í samfélagsmiðlum af öllu tagi.

Ferðamálaáætlun

Alþingi samþykkti í júní 2011 tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011–2020. Hún leysir af hólmi ferðamálaáætlun fyrir tímabilið 2006–2015 en síðan sú ályktun var samþykkt hafa orðið miklar breytingar í ferðaþjónustunni.

Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar átti sæti í stýrihóp og var víða leitað álits meðal félagsmanna. Áætluninni er því fagnað og hafa samtökin bent stjórnvöldum á að tryggja þurfi fjármagn svo þeim mikilvægu málum, sem þar er fjallað um, verði komið í framkvæmd.

Fjögur meginmarkmið ferðamálaáætlunar

Samkvæmt þingsályktuninni er iðnaðarráðherra falið að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í ferðamálum á tímabilinu 2011–2020

- að auka arðsemi atvinnugreinarinnar
- að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vörubrúun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið
- að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðapjónustunnar
- að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu grein- ingar- og rannsóknarstarfi

Kynning á lykilmörkuðum

Samtök ferðapjónustunnar hafa síðustu árin haldið nokkra kynningarfundir undir fyrirsögninni „Kynning á lykilmörkuðum“. Slíkir fundir hafa verið haldnir um Þýskaland, Bretland, Bandaríkin, Norðurlöndin og á starfsárinu var haldinn fundur um Frakkland í samstarfi við Íslandsstofu. Jafnan eru fengnir fyrirlesarar frá viðkomandi landi og fjallað um ferðahegðun o.fl. Hafa þetta verið vinsælir og fjölsóttir fundir.

Nýsköpunarverðlaun SAF

Nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðapjónustunnar 2011 voru afhent á Icelandair Hótel Reykjavík Natura á afmælisdegi SAF 11. nóvember og hlaut KEX Hostel verðlaunin fyrir vandaða hönnun og útfærslu á grunnstoð allrar ferðapjónustu sem er gistingin. Samkvæmt dómnefndinni hefur KEX Hostel tekist einstaklega vel



Þrír Frakkar á kynningarfundinum „Frakkar á ferð“. F.v.: Philippe Patay Fjallabak ehf, Eric Briard, Island Tours France, og Anton Antons-son, AD Travel.



Frá afhendingu nýsköpunarverðlauna SAF 2012.

upp og skapað sér hillu á markaði greinarinnar, sem enginn annar sat og laðar að jafnt erlenda gesti sem heimafólk. Hlutverk Nýsköpunarverðlauna SAF er að hvetja til nýsköpunar og vörubrúunar í greininni. Stjórn sjóðsins 2011 skipuðu: Árni Gunnarsson, formaður SAF, Edward Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, og Bjarnheiður Hallsdóttir, Katla Travel. Katrín Júlíusdóttir, iðnaðar- og ferðamálaráðherra, afhenti verðlaunin.

Ferðamálaráð

Í lögum um skipan ferðamála er kveðið á um 10 manna ferðamálaráð sem hefur það verkefni að gera tillögur til ferðamálaráðherra um markaðs- og kynningarmál. Jafnframt skal ráðið vera ráðherra til ráðgjafar um áætlanir í ferðamálum o.fl. Samtök ferðapjónustunnar eiga 3 fulltrúa í ferðamálaráði og eru þeir Anna G. Sverrisdóttir, Helgi Már Björgvinsson og Sævar Skaptason. Í tengslum við endurskoðun laga um skipan ferðamála er nú fjallað um framtíð ferðamálaráðs m.a. í ljósi þess að markaðsmál erlendis hafa verið flutt frá Ferðamálastofu til Íslandsstofu.

Gæða- og umhverfiskerfið VAKINN

VAKANUM var formlega hleypt af stokkum með viðhöfn 28. febrúar s.l. og var heimasíða kerfisins tekin í notkun við sama tilefni. Það var í lok árs 2009 að ákveðið var að ráðast í það verkefni að vinna að gerð heildstæðra gæða- og umhverfisviðmiða fyrir íslenska ferðapjónustu sem myndi byggja á kerfi því sem unnið er eftir á Nýja Sjálandi.



Merki Vakans.



Fékk kerfið nafnið VAKINN. Verkefni þetta er unnið í náinni samvinnu SAF, Ferðamálastofu, Ferðamálasamtaka Íslands og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands enda mikilvægt að breið samstaða skapist um svo mikilvægt mál. Ferðamálastofa stýrir verkefninu. Stýrihópur var settur á laggirnar í ársbyrjun 2010 og á Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF, sæti í honum. Mikil vinna hefur á starfsárinu farið í undirbúning innleiðingar. Umhverfisviðmið, almenn viðmið, sértæk viðmið fyrir allar tegundir fyrirtækja nema gistingu svo og siðareglur eru tilbúnar og hafa kynningarfundir verið haldnir víða um land. Gert er ráð fyrir að viðmið fyrir gististaði verði tilbúin í lok árs en þar mun tekið mið af Hotelstars kerfinu í Evrópu.



Ferðaskrifstofunefnd SAF 2011-2012. F.v.: Arngrímur Viðar Ásgeirsson, Elín S. Sigurðardóttir, Unnur Svavarsdóttir, Erna Hauksdóttir, Þórarinn Þór, Helgi Eysteinnsson og Gunnar Valur Sveinsson.

Þjóðaráttak í þjónustu

Samtök ferðapjónustunnar tóku þátt í sumarherferðinni „Vinalægasta viðmótið“ með Ferðamálastofu, Ferðamálasamtökum Íslands, Ferðapjónustu bænda, Íslandsstofu, og Markaðsstofum landshlutanna. Hugmyndin að baki herferðinni var að verðlauna það sem vel er gert í þjónustu á ferðapjónustustöðum út um allt land og vekja sérstaka athygli á þeim stöðum með jákvæðum hætti. Markmiðið er einnig að herferðin sé hvatning til fólks í þjónustustörfum til að sýna jákvætt og vinalegt viðmót og leggja sig fram um að veita góða þjónustu í hvívetna. Ferðamenn og aðrir viðskiptavinir létu vita af góðri þjónustu eða vinalegu viðmóti með því að hringja í þáttinn „Virkir morgnar“ á Rás 2 eða skrifa ábendingar á Facebook-síðu átaksins – en einnig var hægt að „verðlauna“ gott viðmót á stöðunum sjálfum með því að „gefa bros“.



Broskall átaksins.

Úrskurðarnefnd SAF og Neytendasamtakanna

Starfandi er úrskurðarnefnd SAF og Neytendasamtakanna sem tekur fyrir mál ferðapjónustunnar. Neytendalöggjöf er sífellt að verða strangari og nauðsynlegt að fyrirtækin taki tillit til þess í starfsemi sinni. Ísland á aðild að fjölþjóðlegum samningum um neytendavernd og geta einstaklingar, sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni, leitað til úrskurðarnefnda í heimalandi sínu sem sendir málið áfram til úrskurðarnefndar hér á landi. Erna Hauksdóttir er fulltrúi SAF í úrskurðarnefndinni.

Almannatengsl SAF

Það er sífellt umhugsunarefni fyrir forystu SAF hvernig best er að koma málefnum ferðapjónustunnar á framfæri. Mikill fjöldi fréttatilkynninga er sendur til fjölmiðla og samkvæmt aðkeyptum skýrslum um fjölmiðlaupplýsingar kemur í ljós að samtökin hafa fengið mun meiri umfjöllun en önnur samtök af svipaðri stærð. Greinar eru skrifaðar og öll tækifæri notuð til að fjalla um greinina á hinum ýmsu fundum. Fréttabréf SAF kemur út ca. 17 sinnum á ári og er sent til allra fjölmiðla. Þegar um stærri viðburði er að ræða hjá SAF hefur almannatengill oft verið ráðinn til að koma málum sem best á framfæri. Í febrúar 2012 var gerður samningur við fyrirtækið Goggur ehf. um að gefa út Ferðablað og kemur fyrsta eintakið út í tengslum við aðalfund SAF 22. mars 2012.

SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Gistináttaskattur

Alþingi samþykkti ný lög um gistináttaskatt í júní 2011 og tóku lögin gildi 1. janúar 2012. Greiða skal kr. 100 af hverri gistináttaeiningu og rennur 3/5 hluti gjaldsins til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða en 2/5 til þjóðgarða og friðlýstra svæða. Lögin eru frábrugðin frumvarpi um farþegagjald og gistináttagjald sem fyrst var lagt fyrir Alþingi en þá var ætlunin að innheimta gjald af flugfarþegum og skemmtiferðaskipum auk gististaða. SAF hafa verið í miklum samskiptum við stjórnvöld á langri meðgöngu frumvarpanna og gert ótal athugasemdir. Fyrst og fremst hafa samtökin bent á þá miklu skatta sem erlendir ferðamenn greiða hér á



Gististaðanefnd SAF 2011-2012. F.v.: Ólafur Þorgeirsson, Markús Einarsson, Auður Ingólfssdóttir, Steinþór Jónsson og Pétur Snæbjörns-son.

landi og ættu að notast að hluta til að viðhalda, vernda og byggja upp ferðamannastaði. Í öllum samskiptum við stjórnvöld var því harðlega mótmælt að gjaldið rynni ekki óskipt í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Í lok ársins 2011 var bréf sent til ríkisstjórnarinnar þar sem skorað var á hana að falla frá eða fresta gildistöku gistináttaskattsins og í febrúar 2012 var haldinn fundur fjármálaráðherra og fulltrúa stjórnar SAF um sama efni. Ástæða þess erindis er að innheimta skattsins er illfrankvæmanleg, skattstofninn óljós og ljóst að hann mun kynda undir svarta atvinnustarfsemi. SAF hafa bent á að enginn telur sig eiga að hafa eftirlit með leyfislausri starfsemi og hafa samtökin sýnt fram á slæma stöðu þeirra mála. Innheimtan er mjög kostnaðarsöm og hefur ríkisskattstjóri tekið undir það. Lögin mismuna með því að verkalyðsfélögin, sem reka mikinn fjölda gististaða eru undanþegin. Engin svör hafa borist frá stjórnvöldum.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Lög um framkvæmdasjóð ferðamannastaða tók gildi 10. júní 2011 en með stofnun hans skal stuðlað að uppbyggingu, viðhaldi og verndun mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum og framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna. Tekjur sjóðsins eru m.a. 3/5 hluti gistináttagjalds. Í stjórn sjóðsins eru fjórir fulltrúar, þar af tveir frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Lög um skipan ferðamála og reglugerð um leyfisveitingu

Nefnd á vegum iðnaðarráðherra skilaði snemma á starfsárinu drögum að endurskoðun á lögum um skipan ferðamála og verður frumvarpið lagt fram á Alþingi eftir yfirferð og umsagnir í iðnaðarráðuneytinu. Í kjölfar endurskoðunar laganna var stofnaður starfshópur sem hefur það verkefni að útbúa reglugerð um skilyrði til leyfisveitingar með tilliti til öryggis en mikil umræða hefur verið um öryggismál í ferðaþjónustu í kjölfar óhappa á síðustu misserum. Í nefndinni sitja fulltrúar frá Ferðamálastofu, Slysavarnarfélaginu Landsbjörg, SAF og Félagi leiðsögumanna. Starfshópurinn tók sér góðan tíma í að fara yfir verkefnið og ræddi við fjölmarga aðila úr greininni. Einnig var vinna við gæða- og umhverfiskerfið VAKANN höfð til hliðsjónar hvað varðar flokkun á starfsemi í afþreyingu. Drög að kröfum varðandi þekkingu starfsmanna voru send á nokkra hagsmunaaðila til athugasemda í byrjun árs 2012 og er verið að vinna úr athugasemdum vegna þeirra ásamt því að ræða við hagsmunaaðila um það sem betur má fara.

Könnun á rekstrarleyfum

SAF héldu á starfsárinu áfram könnunum á rekstrarleyfum gististaða auk annarra ferðaþjónustufyrirtækja en í upphafi ársins 2011 var gerð könnun á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri og reyndist umfang leyfislausrar gistingar á höfuðborgarsvæðinu vera 1238 rúm og á Akureyri fundust á bókanavefjum 577 rúm án rekstrarleyfa en það er 30% alls gistirýmis á Akureyri. Þetta þóttu sláandi niðurstöður og því ákveðið að halda áfram og skoða fleiri svæði. Sem dæmi má nefna að á Reykjanesi reyndust 30% allra gististaða leyfislaus en ágætt ástand á svæðum sýslumannsembætta á Selfossi og í Borgarnesi. Skoðað var ástandið hjá ferðaskrifstofum, ferðaskipuleggjendum, bílaleigum og hóp-bílafyrirtækjum. Mjög margar athugasemdir voru gerðar varðandi ferðaskrifstofur en minna hjá öðrum greinum en upplýsingar voru sendar til viðkomandi leyfisveitenda. Ferðamálastofa, sem gefur út ferðaskrifstofu- og ferðaskipuleggjendaleyfi, tók mjög vel á athugasemdunum og réði starfsmann til að fara vel yfir þær allar. SAF sendu bréf til allra sýslumanna og lögreglustjóra og reifuðu ástandið og lögðu áherslu á að þessi vinna SAF væri til að sýna stöðu mála en samtökin gætu ekki tekið að sér þetta eftirlit sem er lögboðið hlutverk opinberra aðila. Fulltrúar stjórnar SAF áttu ennfremur fund með innanríkisráðherra og hans fólk þar sem rætt var um samræmt verklag sýslumanna og lögreglustjóra



og lögð áhersla á að þetta ástand væri ekki boðlegt. Í lok árs 2011 voru listar yfir leyfislausu gististaði endurskoðaðir og sýslumönnum og lögreglustjórum sendar niðurstöður og óskað skýringa á því hvers vegna enn finnst fjöldi gististaða án leyfa. Erfitt er að nálgast svör frá þeim en niðurstaðan er þó sú að þessi herferð hefur skilað 1000 rúmum af lista yfir leyfislausu staði og inn á lista þeirra sem hafa fullgild rekstrarleyfi og þykir stjórn SAF það góður árangur.

Skortur á kjöti

Fulltrúar SAF hafa á starfsárinu átt fund með fulltrúum landbúnaðarráðherra um kjötskort en mörg dæmi eru um að veitingastaðir hafi þurft að taka rétti af matseðli vegna skorts á nauta- og lambakjöti. Samtökin eru í viðræðum við önnur atvinnurekendasmótök um málið en verðslanir hafa búið við hið sama. Á aðalfundi SAF 2011 var samin ályktun um þetta vandamál en það hefur ekki verið vilji í landbúnaðarráðuneytinu að taka á þessu máli. Veitingamenn vilja fyrst og fremst íslenskt gæðahráefni en ef það er ekki til staðar þarf að vera ásættanleg leið til að flytja inn það sem á vantar.


Áfengisgjald

Samtök ferðaþjónustunnar hafa mótmælt ítrekuðum hækkunum á áfengisgjaldi og bent á að minnkandi velta skili sér í minni umsvifum veitingastaða og fækkun starfsfólks. Samtökin hafa bent á að lækkun áfengisgjalds muni minnka neðanjarðarstarfsemi, efla opinbera sölu á áfengi og samtímis auka tekjur ríkissjóðs.

Opinberar tölur sýna að sala á áfengi hefur dregist saman á síðustu árum og hafa áætlanir ríkissjóðs um tekjur af áfengissölu ekki skilað sér þrátt fyrir hærra



Veitinganevnd SAF 2011-2012. Fv.: Friðgeir Ingi Eiríksson, Gunnar Valur Sveinsson, Hörður Sigurjónsson, Kristján Sigfússon (varamaður), Kristján Daniélsson, Bjarki Hilmarsson og Brynhildur Kristjánsdóttir (varamaður). Á myndina vantar Margréti Rósu Einarsdóttur.



Bílaleigunefnd SAF 2011-2012. Fv.: Þorsteinn Þorgeirsson, Jóhannes Sigurðsson, Gunnar Valur Sveinsson, Bergþór Karlsson, Hendrik Bernsdén, Sigurður Gunnarsson, Margeir Vilhjálmsson og Guðmundur Sigurðsson.

áfengisgjald. SAF ítrekuðu á starfsárinu hugmynd sína um að veitingastaðir fái 50% afslátt af áfengisgjaldi á móti auknu eftirliti og bentu á samkeppni við svarta markaðinn. Ef hægt er að sporna gegn honum með slíkum aðgerðum munu tekjur ríkissjóðs aukast af áfengissölu.

Miklar breytingar á umhverfi bílaleigufyrirtækja

Bílaleigubílum yfir sumartímamann hefur fjölgað um 40% frá 2009 til 2011 og hefur fjöldi leyfa til reksturs bílaleigu aukist jafn mikið á sama tímabili. Stóran hluta af aukningunni má rekja til mikils vaxtar í útleigu eldri bíla sem eru í mjög misjöfnu ásigkomulagi. Mikið af tilvikum hafa komið upp þar sem viðskiptavinir á eldri bílaleigubílum hafa lent í vandræðum og fengið slæma þjónustu hjá aðilum sem leigja út eldri bíla. Í sumum tilvikum hefur legið við mjög alvarlegum slysum. Bílaleigunefnd SAF hefur í tæp tvö ár verið að fara fram á það við innanríkisráðuneytið að lög og reglugerðir um bílaleigur verði endurskoðaðar með það fyrir augum að auka öryggi þeirra bíla sem leigðir eru út. Nefndin hefur fengið samtök fjármálafyrirtækja fyrir hönd tryggingafélaganna og Slysavarnarfélagið Landsbjörg í lið með sér ásamt því að opinberar stofnanir sem málið varðar hafa veitt því stuðning. Vonir standa til að endurskoðun laganna fari fram von bráðar.

Breytingar á lögum um fólks- og farmflutninga

Í lok ársins var lögum um fólks- og farmflutninga breytt á þann veg að sérleyfi fellur niður og nú getur Vega-gerðin veitt sveitarfélögum eða landshlutasamtökum sveitarfélaga einkarétt á að skipuleggja og sjá um

almenningsamgöngur innan svæðis og milli svæða. SAF mótmæltu þessum breytingum harðlega ásamt fleiri aðilum þ.m.t. Samkeppnisstofnun þar sem lögin gætu gert aðilum kleift að brjóta niður samkeppni í ferðaþjónustu sem staðið hefur á ákveðnum leiðum. Samgöngunefnd Alþingis fór fram á það við samþykkt laganna að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að skilgreina almenningsamgöngur út frá þjónustu við ferðamenn. Starfshópurinn hefur hafið störf og í honum sitja fulltrúar frá SAF, Samtökum sveitarfélaga og Vegagerðinni ásamt fulltrúum innanríkisráðuneytisins. Ljóst er að lögin ná ekki til starfsemi sem einkum er ætluð ferðamönnum eða ferðum á sögufræga staði en svo virðist sem samtök sveitarfélaga ætli sér að beina ferðamönnum í almenningsamgöngur og hafa sýnt tilburði til þess. Ráðgert er m.a. að auka tíðni áætluðar vagna um Suðurland úr 3 ferðum í viku í 2 ferðir á dag næsta sumar.

Samkeppni við svarta markaðinn

Svört atvinnustarfsemi er stórt vandamál í atvinnulífinu og óþolandi fyrir heiðarleg fyrirtæki að eiga í samkeppni við slík fyrirtæki og eru SAF stöðugt að vinna í þeim málum. Stærsta verkefnið á síðasta starfsári var könnunin á rekstrarleyfum og umfjöllun um niðurstöður hennar. Samtök atvinnulífsins hafa ásamt ASÍ og RSK farið í mikla herferð við að finna óskráð starfsfólk í fyrirtækjum og hafa haldið úti miklu eftirliti með vinnustaðaskírteinum. SAF vöktu með fréttatilkynningu athygli á því að nokkrir stjórnálflokkar halda ársfundi sína í grunn- og framhaldsskólum sem hafa engin rekstrarleyfi. Það var ennfremur vakin athygli á því að í Háskóla Íslands fer fram umfangsmikill ráðstefnurekstur þar sem virðisaukaskattur er ekki innifalinn. Fulltrúar SAF hafa átt fundi á starfsárinu með fulltrúum ríkisskattstjóra vegna allra þessara mála.



Flugnefnd SAF 2011-2012. F.v.: Erna Hauksdóttir, Leifur Hallgrímsson, Lárus Atlason, Einar Björnsson og Hörður Guðmundsson. Á myndina vantar Jens Bjarnason.



Hópbjefreiðanefnd SAF 2011-2012. F.v.: Haraldur Teitsson, Gunnar Valur Sveinsson, Rúnar Garðarsson, Agnar Danielsson, Finnbofi Ómarsson og Sigurður Reynisson.

Loftferðasamningar

Flugnefnd SAF hefur lagt mikla áherslu á fjölgun loftferðasamninga og var áfram ýtt á þau mál á starfsárinu. Bent er á tækifæri til loftferðasamninga þegar viðræður eru um aðra tvíhliða samninga við hin ýmsu ríki enda hafa flugfélög tapað viðskiptum vegna skorts á loftferðasamningum. Flugnefnd SAF átti fund með fulltrúum utanríkis- og innanríkisráðuneytanna á starfsárinu til að ræða um loftferðasamninga. Menn eru sammála um að mikið átak hafi verið gert í þessum málum síðustu árin. Tækifæri liggja víða á þessu sviði, en megináherslan hefur nú verið lögð á loftferðasamning við Grænland og nú mun slíkur samningur vera frágenginn. Það er stefna flugfélaganna innan SAF að best sé að hafa sem flesta loftferðasamninga því aukin réttindi gefi meiri vaxtarmöguleika. Þess er þó krafist að þeir séu gagnkvæmir.

Samskipti við Vegagerð og Umferðarstofu

Samtök ferðaþjónustunnar hafa undanfarin ár átt tvo fundi árlega með vegamálastjóra og helstu stjórnendum Vegagerðarinnar og var venjubundinn fundur haldinn hjá SAF síðastliðið vor. Þar fóru fulltrúar Vegagerðarinnar yfir helstu verkefni sumarsins og kynntu fundarmönnum vegsjá Vegagerðarinnar þar sem hægt er sjá stöðu á ýmsum verkefnum og þjónustu Vegagerðarinnar í raun-tíma á netinu. Einnig var farið yfir öryggismál og sýnd vefmynd sem Vegagerðin hefur unnið að og miðað að því að greina umferðaróhöpp og sýna hættulega staði. Einnig hafa verið haldnir fundir með Vegagerð varðandi viðhald og umhirðu vega en nauðsynlegt er að Vegagerðin og ferðaþjónustan hafi gott samráð varðandi þessa þætti, sérstaklega yfir vetrartímamann og með tilliti til átaksins ÍSLAND ALLT ÁRIÐ. SAF og Umferðarstofa eiga í reglulegu samstarfi varðandi umferðaröryggismál erlendra ferðamanna og gefa í sameiningu út



Frá fundi með Vegagerðinni í maí 2011.

stýrisspjöld fyrir bílaleigubíla en þeim var talsvert breytt á síðastliðnu ári.

Búnaður og mönnun farþegaskipa

Snemma á starfsárinu unnu fulltrúar SAF og farþega-skipa með Siglingastofnun að skilgreiningu á kröfum um mönnun farþegaskipa í útsýnis- og skoðunarferðum. Niðurstaðan var ásættanleg og getur skipstjóri gegnt stöðu vélstjóra að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Eitt af skilyrðunum var að skila þarf inn öryggisáætlun fyrir bæði skip og starfsemi fyrirtækis en öryggisáætlun er eitt af þeim atriðum sem gerð er krafa um í VAKANUM. Í byrjun árs var haldin vinnustofa í gerð öryggisáætlana á vegum Björgunarskóla sjómanna um borð í skólaskipinu Sæbjörgu. Að þeirri vinnustofu stóðu Björgunarskóli sjómanna, Siglingastofnun og SAF. Næstu skref varðandi skip í útsýnis- og skoðunarferðum er að fara yfir kröfur um gerð og búnað skipanna og verður unnið að því nú á vormánuðum.

Hvalaskoðun – hvalveiðar

SAF hafa átt í ítrekuðum samskiptum við sjávarútvegsráðherra á starfsárinu vegna þeirrar kröfu SAF að banna m.a. allar hvalveiðar og hvalskurð á Faxaflóa en aðalfundur SAF hefur ályktað að skora á stjórnvöld að stækka til muna griðasvæði hvala og hefur verið vísað til tillagna SAF og Hvalaskoðunarsamtakanna. Erindi



Afþreyingarnefnd SAF 2011-2012. F.v.: Erna Hauksdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Hlynur Snæland, Eva María Þórarinsdóttir, Steinunn Guðbjörnsdóttir, Edda Gísladóttir og Herbert Hauksson.

hefur verið sent til Reykjavíkurborgar þar sem bent er á mikið líf s.s. fjölbreyttan veitingahúsarekstur á svæði hvalaskoðunarfyrirtækjanna og hefur borgin tekið undir málflutning SAF og óskað eftir því við sjávarútvegsráðherra að hann skoði hagsmuni þessarar greinar.



Hús atvinnulífsins Borgartúni 35.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök ferðapjónustunnar eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins. Aðild að SA eiga 7 samtök; Samtök ferðapjónustunnar, Samtök iðnaðarins, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök fiskvinnslustöðva, Samtök fjármálafyrirtækja og Samorka. Öll samtökin nema Samorka hafa höfuðstöðvar sínar í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35. Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs og eru helstu áherslur í starfi efnahags- og kjaramál, Evrópumál, samkeppnismál, umhverfismál og önnur þau mál sem stjórn og aðildarsamtök telja árangursríkast að sinna á sameiginlegum vettvangi. Hjá SA fá félagsmenn margháttaða sérfræðiaðstoð s.s. við starfsmannamál. Vinnumarkaðsvefur SA, sem félagsmenn hafa aðgang að, gefur mjög fjölbreyttar upplýsingar um allt sem lýtur að vinnumarkaðsmálum. Fulltrúar SAF starfa með lögfræðingum SA við gerð kjarasamninga.

SAF eiga 2 fulltrúa í 20 manna stjórn SA, Árna Gunnarsson og Grím Sæmundsen. Grímur er varaformaður samtakanna og á sæti í framkvæmdastjórn. Það er í fyrsta skipti sem SAF hafa átt fullgildan fulltrúa í framkvæmdastjórn og forystu SA. SAF eiga einnig 10 fulltrúa í 100 manna fulltrúaráði.

UMHVERFISMÁL

Stefna SAF í umhverfismálum – umhverfisnefnd

Innan SAF er starfandi umhverfisnefnd sem skipuð er af stjórn. Nefndin hefur fyrst og fremst unnið að stefnu SAF varðandi Rammaáætlun og önnur þau málefni sem snerta umgengni við náttúruna s.s. landnýtingaráætlun. Nefndin hefur unnið mikið starf við undirbúning að þeim kröfum sem gerðar eru til fyrirtækjanna sem óska eftir umhverfismerki VAKANS. Nefndin hefur ennfremur unnið að mótun umhverfisstefnu samtakanna sem er í samhljómi við ferðamálaáætlun stjórnvalda en þar segir m.a. að Ísland gegni forystuhlutverki í umhverfisvænni ferðaþjónustu. Einnig að ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu varðandi umhverfismál verði aukin. Starfi faghópa við Rammaáætlun lauk að mestu á starfsárinu og var síðasta verk umhverfisnefndar SAF í því samhengi að vinna að umsögn um þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða en sú þingsályktunartillaga byggist á starfi Rammaáætlunar. SAF áttu einnig aðild að starfshópi á vegum umhverfisráðherra sem hafði það verkefni að skilgreina samgöngur innan Vatnajökulspjóðgarðs. Ný umhverfisnefnd SAF var stofnuð á árinu en Anna G. Sverrisdóttir, formaður og Pálmar Sigurðsson sögðu skilið við nefndina eftir margar ára starf og eiga þau miklar þakkir skildar. Nýr formaður nefndarinnar er Einar Torfi Finnsson og nýir nefndarmenn eru þau Ásta Kristín Þorsteinsdóttir og Páll Gíslason en fyrir í nefndinni eru Berglind Víktorsdóttir og Rannveig Grétarsdóttir.

Rammaáætlun – vernd og orkunýting náttúrusvæða

Faghópar rammaáætlunar luku að mestu vinnu á starfsárinu en á þeirri vinnu byggðu umhverfisráðherra



Fyrirverandi umhverfisnefnd, f.v.: Pálmar Sigurðsson, Einar Torfi Finnsson, Anna G. Sverrisdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Berglind Víktorsdóttir og Gunnar Valur Sveinsson.

og iðnaðarráðherra drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða. SAF sendu athugasemd við drögin að þingsályktunartillögunni þar sem lýst var yfir ánægju með fagleg vinnubrögð við flokkun þeirra virkjanakosta sem til umræðu eru. Samtökin fögnuðu því að virkjanakostir á Torfajökulsvæðinu og Birtusvæðinu hefðu verið settir í verndarflokk. Mótmælt var að Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjanir færu í nýtingarflokk þar sem þær og mannvirki í kringum þær hefðu gríðarlega neikvæð áhrif á víðerni á þeim slóðum sem virkjanirnar rísa. Auk þess var gerð athugasemd við marga af þeim virkjanakostum sem settir eru í biðflokk þar sem umfangsmikil ferðaþjónusta er stunduð á viðkomandi svæðum og mikil tækifæri til staðar sem glatast verði af virkjanaáformum.

Samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði

SAF átti á starfsárinu aðild að starfshópi á vegum umhverfisráðherra sem hafði það verkefni að skilgreina samgöngur innan Vatnajökulspjóðgarðs. Gunnar Valur Sveinsson sat í starfshópnum sem skipaður var eftir mikla umfjöllun og umræður um lokun Vonarskarðs í verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Hópurinn sem skipaður var þeim sem eiga hagsmuni að gæta innan Vatnajökulspjóðgarðs skilaði niðurstöðu í lok árs 2011. Hópurinn var ekki samhuga um aðgerðar á vissum svæðum m.a. Vonarskarði en þó var það samdóma álit hópsins að sinna þyrfti samgöngumálum betur innan þjóðgarðsins ásamt því að brýn þörf væri á ýmis konar rannsóknum varðandi samgöngur.

MENNTA- OG FRÆÐSLUMÁL

Almennt

Í stefnu SAF er kveðið á um nauðsyn þess að bæta arðsemi og samkeppnishæfi fyrirtækja í ferðaþjónustu og hafa áhrif á gildismat og viðhorf stjórnenda og starfsfólks til menntunar, símenntunar og þjálfunar. Mjög mikilvægt er því að fyrirtæki móti sér símenntunar- og fræðslustefnu í starfsemi sinni. Það er jafnframt markmið samtakanna að efla ímynd ferðaþjónustu sem áhugaverðs starfsvettvangs í þeim tilgangi að laða fleiri hæfileikaríka og metnaðarfulla einstaklinga til starfa í greininni. Það er því mjög mikilvægt verkefni að sjá til þess að sú menntun sem snýr að ferðaþjónustunni, hvort heldur er á fullorðinsfræðslustigi, framhaldsskóla-



Aðalfyrirlesari á Degi menntunar 2012: Tony Donohoe frá IBEC- systursamtökum SA á Írlandi.



Starfsmenntaviðurkenning SAF 2012. F.v.: María Guðmundsdóttir SAF, Árni Gunnarsson, formaður SAF, Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Ragnheiður Valdimarsdóttir, Iceland Travel.

stigi, háskólastigi eða í sérskólum, sé í samræmi við þarfir atvinnulífsins. Það skiptir máli að atvinnulífið sé með skýra stefnu hvað þetta varðar. SAF eiga víða fulltrúa í nefndum og ráðum í menntakerfinu, og er það liður í stefnu samtakanna að skerpa forystuhlutverk SAF í fræðslumálum og að samtökin séu virkur þátttakandi í samstarfi við stjórnvöld og fræðslustofnanir, í umræðu, stefnumörkun og þróun menntunar, símenntunar og þjálfunar í ferðaþjónustu.

700 manns hafa lokið Færni í ferðaþjónustu I og II

Um síðastliðin áramót höfðu 700 nemar lokið námi í Færni í ferðaþjónustu sem SAF og Starfsgreinasambandið hafa haft forgöngu um að láta vinna í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Námið hefur notið mikilla vinsælda hjá ungum atvinnuleitendum undanfarið. SAF hvetja atvinnurekendur til að ráða frekar fólk til starfa sem lokið hefur þessu námi og jafnframt að bjóða upp á námið fyrir þá sem þegar eru starfandi í greininni. Námið er í boði hjá Mími og símenntunarmiðstöðvum í kringum landið og er styrkt um 75% af starfsmenntasjóðunum.

Dagur menntunar í ferðaþjónustu

Mikið fjölmenni sótti ráðstefnu SAF á Degi menntunar í ferðaþjónustu sem haldinn var í fimmta sinn á Hilton Reykjavík Nordica þann 16. febrúar sl. Um eitt hundrað og þrjátíu manns sóttu ráðstefnuna og var góður rómur gerður að henni. Fjöldi áhugaverðra erinda var fluttur og í lok ráðstefnunnar afhenti Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, starfsmenntaviðurkenningu SAF. Tilgangurinn með ráðstefnunni var að vekja athygli á mikilvægi fræðslu og símenntunar í

greininni. Starfsmenntasjóðirnir Starfsafl, Landsmennt og SVS ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu styrktu ráðstefnuna en auk þess bauðst starfsmenntasjóðum og öllum helstu fræðsluaðilum í ferðaþjónustu að kynna starfsemi sína á ráðstefnunni.

Starfsmenntaviðurkenning SAF

Ferðaskrifstofan Iceland Travel hlaut Starfsmenntaviðurkenningu SAF 2012 sem var afhent á Degi menntunar í ferðaþjónustu þann 16. febrúar sl. Í dómnefnd áttu sæti María Guðmundsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi SAF, Ólafur Jónsson, sviðsstjóri matvæla- og veitingasviðs löunnar, og Ingibjörg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í umsögn dómnefndar segir að stjórnendur Iceland Travel líti á endurmenntun sem hluta af innri gildum fyrirtækisins, að virkri endurmenntunarstefnu sé fylgt sem síðan skili fyrirtækinu ákveðnu samkeppnisforskoti.

Fjölgun nemaleyfa

Veitingamenn innan SAF hafa í langan tíma rætt um möguleika á að fá heimild til að fjölga nemum í matreiðslu og hefur nú fengist samþykki allra hlutaðeigandi fyrir því. Komist var að samkomulagi um þau skilyrði sem veitingastaðir þurfa að uppfylla til þess að fá aukna heimild. Staðfesting menntamálaráðuneytisins mun fljótlega birtast í Stjórnartíðindum en ráðuneytið hefur samþykkt að veitingastaðir geti strax sótt um aukinn fjölda nemaleyfa. Þetta er fagnaðarefni enda mikil þörf á að fjölga matreiðslumönnum með síauknum fjölda veitingastaða. Ekki hefur verið gengið frá slíkri heimild vegna framreiðslunnar en um leið og þörf reynist fyrir hana verður það gert.

Ráðgjöf til félagsmanna

Fræðslufulltrúi SAF hefur markvisst unnið að ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga innan SAF á sviði mennta- og fræðslumála bæði hvað varðar leiðbeiningar um námsframboð og möguleika á styrkjum til náms. Fræðslufulltrúi SAF hefur haft milligöngu um að koma á námsskeiðum samkvæmt óskum félagsmanna. Jafnframt er upplýsingum um hvers kyns sí- og endurmenntun komið reglulega á framfæri á heimasíðu samtakanna og í fréttabréfum SAF. Liður í ráðgjöf og kynningu á sviði fræðslumála eru fyrirtækjaheimsóknir m.a. með starfsmenntasjóðnum STARFS AFLI en upplýsinga- og fræðslufulltrúi SAF hefur átt þar sæti í 6 ár. Margir stjórnarfundir hafa verið haldnir í fyrirtækjum þar sem kynntir hafa verið möguleikar á styrkjum frá sjóðunum, vegna námskeiðahalds auk kynningar á samstarfsverkefni fræðslusjóðanna „Fræðslustjóri að láni“. Þá hefur talsverð vinna verið lögð í að einfalda og samræma vinnureglur og umsóknarferli til starfsmenntasjóðanna vegna námskeiðahalds með sameiginlegu umsóknareyðublaði fyrir fyrirtæki á heimasíðu SAF.

Samantekt á námsframboði

Vor og haust hafa SAF unnið samantekt á helsta námsframboði fræðsluaðila og sent félagsmönnum í fréttabréfi, auk þess sem slíkar upplýsingar eru félagsmönnum aðgengilegar á heimasíðu samtakanna. Sérstakur bæklingur var unninn með samantekt um námsframboð og möguleika á styrkjum fyrir Dag menntunar í ferðaþjónustu þann 16. febrúar sl.

Styrkir úr Starfsmenntasjóði

Samtök ferðaþjónustunnar hlutu styrki í síðustu úthlutun starfsmenntaráðs í samstarfsverkefni SAF, Mímis og IÐUNNAR fræðsluseturs um gerð handbóka með starfsþjálfunarefni sem nú eru tilbúnar og verða kynntar innan skamms. Að þjálfun lokinni getur nemandi framvísað þessari verkþjálfunarbók sem vitnisburði um þjálfun sína og kunnáttu, hvort heldur er á vinnumarkaði eða í skóla. Jafnframt hlutu SAF og SGS styrk í tilrauna- verkefni í ferðaþjónustu þar sem unnið er að færni- kröfum í ferðaþjónustu fyrir almenna starfsmenn með það að markmiði að teikna upp heildstætt nám í greininni. Sú vinna er enn í fullum gangi.

Þróunarsjóður framhaldsfræðslu.

Hlutverk Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. SAF hlutu tvo styrki af 18 sem



Samstarfshópur um rafrænt farnám ásamt Helmut Kronika frá BEST í Austurríki.

úthlutað var síðastliðið haust. Um er að ræða samstarfsverkefni neðangreindra aðila um eftirfarandi verkefni sem reiknað er með að lokið verði innan árs frá úthlutun styrkjanna. Er það von okkar hjá SAF að með verkefnum þessum takist að auka enn frekar fagmennsku í greininni.

1) Rafrænt farnám (Mobile learning)

Samstarfsverkefni SAF, SVP, Eflingar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og starfsmenntasjóðanna Starfsafls, Landsmenntar og SVS. Unnið er að tilrauna- verkefni um enskukennslu í farsímum í samstarfi við fyrirtækið BEST í Austurríki og Kynnisferðir og að tilrauna- kennslunni ljúki í mars.

2) Nýtt nám fyrir dyraverði tilbúið

Samstarfsverkefni SAF, Mímis, Eflingar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, kráareigenda, Lýðheilsustöðvar og neyðarmóttöku LSH. Að ósk gististaðanefndar SAF var ákveðið að huga betur að námi fyrir þessa starfsstétt. Stofnaður var starfshópur ofangreindra aðila þar



Frá útskrift nema úr dyravarðanami sem SAF höfðu forgöngu um að láta vinna.



sem tillögum í skýrslu SGS og FA um starfsumhverfi, nám og breytingum á námi dyravarða er fylgt eftir. Ný 24 kennslustunda námskrá er nú tilbúin en 22 dyra-verðir tóku þátt í tilraunakennslu á náminu í febrúar sl. en námið verður síðan væntanlega í boði um land allt hjá símenntunarmiðstöðvum.

Þjónustunámskeið

SAF stóðu fyrir þjónustunámskeiðum í samstarfi við fyrirtækið Gerum betur, Ferðaþjónustu bænda og símenntunarmiðstöðvar um land allt sl. vor. Haldin voru 10 námskeið í flestum landshlutum og þóttu námskeiðin sem voru vel sótt takast afar vel.



Örn Árnason, leikari ásamt Ingu Hafsteinsdóttur, Hótel Geysi.

Námskeið um mismunandi menningarheima

SAF stóðu fyrir námskeiðum um mismunandi menningarheima í samstarfi við Áslaugu Briem en námskeiðin voru byggð á MS ritgerð hennar frá viðskiptafræðideild HÍ. Áslaug hlaut verðlaun í ritgerðasamkeppni SAF og Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála á síðasta ársfundi samtakanna um þetta efni. Námskeiðin voru vel sótt og vöktu verðskuldaða athygli á þörfinni fyrir mismunandi þjónustu eftir mismunandi menningarheimum.

Vinnandi vegur – átaksverkefni til að fjölga störfum

Í vetur tóku SAF þátt í nýju átaki til atvinnusköpunar sem miðar að því að fjölga störfum og fækka atvinnulausum. Í verkefninu er komið til móts við atvinnurekendur með fjárhagslegum stuðningi. Verkefnið kallast „Vinnandi vegur“ og er sameiginlegt átak samtaka atvinnurekenda, launþega, sveitarfélaga og ríkisins.

Með þátttöku í verkefninu eiga atvinnurekendur kost á styrk með ráðningu nýrra starfsmanna úr hópi atvinnu-



Áslaug Briem fjallar um ólíka menningu og mismunandi þjónustu á námskeiði hjá SAF.

leitenda. Styrkur fyrir 100% vinnu er 167.176 krónur auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Ef fyrirtæki ráða starfsmann sem hefur verið án atvinnu í 12 mánuði eða lengur er hægt að fá styrk í allt að 12 mánuði. Ef viðkomandi hefur verið án vinnu skemur en 12 mánuði er hægt að fá styrk í allt að 6 mánuði.

Samfélagslegir hagsmunir eru fólgirnir í því að koma þeim sem eru án atvinnu í starf. Viða í atvinnulífinu eru störf sem þörf er á að fylla og þetta átak getur komið til móts við kostnað sem felst í ráðningu nýrra starfsmanna. Þannig fara saman hagsmunir fyrirtækja, atvinnuleitenda og samfélagsins.

Þessu átaki er ætlað að örva atvinnulífið til skamms tíma en léttu til lengri tíma þeim byrðum sem atvinnulífið axlar með greiðslu tryggingagjalds.

Verkefnið er tímabundið og lokað á skráningar í lok maí.



Frá atvinnumessu í Laugardalshöll 8. mars.



Hilton Reykjavík Nordica hlaut flest styrkloforð vegna styrkja úr Vinnustaðanámssjóði haustið 2011.

Matvæla- og veitingasvið IDUNNAR fræðsluseturs

Matvæla- og veitingasvið IDUNNAR er samstarfsvettvangur fyrirtækja og starfsmanna á sviði hótél- og matvælagreina. Aðild að matvæla- og veitingasviði eiga SAF, Samtök iðnaðarins (SI) og MATVÍS. Hlutverk og megingilgangur matvæla- og veitingasviðs er að stuðla að bættri menntun og hæfni starfsmanna í hótél- og matvælagreinum og vinna að auknum gæðum og framleiðni fyrirtækjanna sem leiðir til betri samkeppnisstöðu þeirra og bættra lífskjara. Í stjórn matvæla- og veitingasviðs sitja samtals fjórir fulltrúar, tveir frá MATVÍS, einn frá SAF og einn frá SI. Starfsemi matvæla- og veitingasviðs IDUNNAR er m.a. fjármögnuð með endurmenntunargjaldi sem kveðið er á um í kjarasamningi og sértekjum. Félagsmenn matvæla- og veitingasviðs IDUNNAR fá verulegan afslátt af námskeiðum á vegum sviðsins og Sæmundar fróða. Námskeið fara ýmist fram í Hótél- og matvælskólanum eða úti á vinnustöðum. Forsvarsmenn fyrirtækja eru í auknum mæli að óska eftir námskeiðum og fræðslu sem verði sniðin sérstaklega fyrir þeirra fyrirtæki en það samstarf hefur gefist vel. Reglur um endurgreiðslur og styrki til félagsmanna er að finna á heimasíðu matvæla- og veitingasviðs IDUNNAR, www.idan.is. Sviðið aðstoðar fyrirtækin einnig að afla styrkja fyrir starfsmenn sem eiga aðild að öðrum starfsmenntasjóðum.

Vinnustaðanámssjóður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutaði í fyrsta sinn úr Vinnustaðanámssjóðnum til fyrirtækja sem voru með nema á námssamningi haustið 2011. Samtals var sótt um fyrir 189 nema, þar af voru nemar í matvæla- og veitingagreinum 75. Í janúar var óskað eftir umsóknum í Vinnustaðanámssjóðinn fyrir fyrri

hluta árs 2012. Umsóknir voru samtals 275 þar af voru umsóknir í matvæla- og veitingagreinum samtals 116. Ánægjulegt er hversu margir forsvarsmenn fyrirtækja í matvæla- og veitingagreinum hafa nýtt þetta framtak mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem m.a. SAF hafa lengi kallað eftir.

ERLEND SAMSKIPTI

Nordisk Besöksnæring

Árþing „Nordisk Besöksnæring“ var haldið í Finnlandi í júní 2011 en árþingið er haldið til skiptis í löndunum fimm. Þar hittist forystufólk norrænu samtakanna og ræða helstu hagsmunamál hótela og veitingastaða og síðustu árin hafa málefni ferðapjónustunnar aukist mjög og var því ákveðið fyrir fáeinum árum síðan að setja nýtt nafn á samtökin en þau hétu áður „Nordisk Hotell- och Restaurantförbund. Fulltrúar SAF hafa tekið þátt í þessu starfi frá upphafi og tók SVG þátt alla tíð. Fyrir hönd SAF mættu á fundinn Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF, og Ólafur Þorgeirsson fulltrúi gististaðanefndar SAF. Eru jafnan miklar almennar umræður um helstu hagsmunamál og bornar saman hagtölur og almenn rekstrarskiyrði. Samtökin hafa haft mikið gagn af virkum samskiptum við systursamtök á Norðurlöndunum sem eru með mjög öflugt starf þótt það nái ekki yfir jafn breitt svið og starfsemi SAF. Næsta árþing verður á Íslandi í júní 2012.

Norræna nemaleppnin

Íslenskir matreiðslu- og framreiðslunemar taka þátt í norrænni nemaleppni árlega en SAF og MATVÍS bera kostnað vegna þátttökunnar og ábyrgð á framkvæmd keppinnar hér á landi. Keppnin er haldin til skiptis í löndunum fimm og var keppnin 2011 haldin á Íslandi. Þótti hún takast mjög vel og voru úrslitin tilkynnt í



Norræna nemaleppnin 2011.



Úr kynnisferð hótél- og veitingamanna til Helsinki.

lokahófi keppinnar sem var haldið í Viðey að kvöldi 30. apríl. Í matreiðslu fóru úrslit þannig að nemar frá Danmörku hrepptu fyrsta sætið, Ísland varð í öðru sæti og Finnland í þriðja sæti. Í framreiðslu voru Norðmenn í fyrsta sæti, Danmörk í öðru sæti og Ísland í þriðja sæti. Keppnin var mjög hörð og jöfn og skildu fá stig á milli liðanna. Aðal markmið keppinnar er að hvetja matreiðslu- og framreiðslunema til bættrar frammistöðu og hefur keppnin gefist mjög vel.

Kynnisferð hótél- og veitingamanna til Helsinki

Í nóvember 2011 fór hópur hótél- og veitingamanna innan SAF í kynnisferð til Helsinki. Heimsótt voru fjölmörg fyrirtæki sem reka veitinga- og gististaði og fundir haldnir með forsvarsmönnum þeirra. Fundur var einnig haldinn með helstu stjórnendum MaRa en það eru systursamtök SAF sem aðallega vinna að hagsmunamálum hótela, veitingastaða og afþreyingarfyrirtækja auk þess að láta sig ferðaþjónustu mikið skipta. Var mikil ánægja með þessa ferð en á síðustu árum hefur verið farið til Stokkhólms og Danmerkur.

Nordisk Transport

SAF hafa átt í samskiptum við systursamtök sín á sviði hópþjónu fyrirtækja á Norðurlöndum og Eistlandi og hefur verið leitað til þeirra um upplýsingar er varða ýmis mál sem snerta hagsmuni hópþjónufyrirtækja. Forsvarsmenn samtakanna hafa haldið tvo fundi á ári og skiptast löndin á að halda þá. Fundirnir á liðnu starfsári voru í Finnlandi í lok ágúst og í Svíþjóð í byrjun febrúar. Á þessu fundum er skipst á stöðu mála í viðkomandi löndum hvað varðar stjórnarfar, efnahag og löggjöf um starfsumhverfi hópþjónu. Einnig er rætt um sameiginleg hagsmunamál og sameiginlegur þrýstingur nýttur til að kom sjónarmiðum á framfæri við stjórnvöld landanna og Evrópusambandsins.

ECTAA

Á starfsárinu fóru fulltrúar SAF á ársfund samtaka ferðaskrifstofa í Evrópu sem haldinn var í Stokkhólmi í lok maí en fulltrúum SAF var boðið á fundinn til að athuga hvort aðild að samtökunum væri fýsilegur kostur fyrir SAF. Fundinn sóttu Helgi Eysteinnsson og Gunnar Valur Sveinsson en helstu umræðuefnin að þessu sinni voru væntanlegar breytingar á tilskipun ESB varðandi alferðir (Package Travel Directive) og miklar umræður um tryggingamál flugfélaga sem lenda í greiðslustöðvun.

INNRA SKIPULAG

Stjórn

Eftirtaldir voru kosnir í stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar á aðalfundi 2011. Formaður er kosinn til 2 ára en meðstjórnendur eru kosnir til eins árs skv. lögum SAF:

Árni Gunnarsson formaður, Flugfélag Íslands
Friðrik Pálsson, Hótel Rangá
Ingibjörg G. Guðjónsdóttir, Íslenskir fjallaleiðsögumenn
Ingólfur Haraldsson, Hilton Reykjavík Nordica
Lára B. Pétursdóttir, Congress Reykjavík
Sævar Skaptason, Ferðaþjónusta bænda
Þórir Garðarsson, Allrahanda

14 bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu og eru þeir jafnan haldnir á skrifstofu SAF.

Fagnefndir

Á aðalfundi 2011 héldu fagnefndir SAF fundi í upphafi aðalfundar og var vel mætt að venju en fjölbreyttar dagskrár voru hjá öllum hópum. Skv. lögum Samtaka ferðaþjónustunnar eru 7 fagnefndir starfandi og eru þær kosnar á fundum faghópanna á aðalfundi. Í hverri fagnefnd eru 5 fulltrúar og fjalla þær um hagsmunamál sinnar greinar. Í gildi eru reglur um starfsemi fagnefndanna. Eftirtaldir voru kosnir í fagnefndir á aðalfundi 2011, en hver nefnd kys sér formann:

Afþreyingarnefnd

Hlynur Snæland, Snæland Grímsson – formaður
Edda Gísladóttir, BLÁA LÓNID
Eva María Þórarinsdóttir, Elding
Herbert Hauksson, Fjallamenn
Steinunn Guðbjörnsdóttir, Íshestar

Bílaleigunefnd

Bergþór Karlsson, Höldur – formaður

Hendrik Berndsen, Hertz
 Jóhannes Sigurðsson, Átak
 Margeir Vilhjálmsson, Bílaleigan Geysir
 Þorsteinn Þorgeirsson, AVIS

Ferðaskrifstofunefnd

Þórarinn Þór, Kynnisferðir – formaður
 Arngrímur Viðar Ásgeirsson, Ferðaskrifstofa Austurlands
 Elín Sigurðardóttir, Íslenskir fjallaleiðsögumenn
 Helgi Eysteinnsson, VITA
 Unnur Svavarsdóttir, GoNorth

Flugnefnd

Lárus Atlason, Air Atlanta – formaður
 Einar Björnsson, Flugfélag Íslands
 Hörður Guðmundsson, Flugfélagið Ernir
 Jens Bjarnason, Icelandair
 (Hilmar Baldursson tók sæti Jens 1. janúar 2012)
 Leifur Hallgrímsson, Mýflug

Gististaðanefnd

Steinþór Jónsson, Hótel Keflavík – formaður
 Auður Ingólfssdóttir, Hótel Hérað
 Markús Einarsson, Bandalag íslenskra farfugla
 Ólafur Þorgeirsson, Hótel Borg
 Pétur Snæbjörnsson, Hótel Reynihlið

Hópbifreiðanefnd

Rúnar Garðarsson, Allrahanda – formaður
 Agnar Daniéllsson, Kynnisferðir

Finnbogi Ómarsson, SBA
 Haraldur Teitsson, Teitur hópferðir
 Sigurður Reynisson, Hópbifreiðar Reynis Jóhannssonar

Veitinganefnd

Kristján Daniéllsson, Radisson Blu Hótel Saga – formaður
 Bjarki Hilmarsson, Hótel Geysir
 Friðgeir Ingi Eiríksson, Hótel Holt
 Hörður Sigurjónsson, Radisson Blu Hótel Saga
 Margrét Rósa Einarssdóttir, Iðnó

Umhverfisnefnd SAF (skipuð af stjórn SAF)

Einar Torfi Finnsson, Íslenskir fjallaleiðsögumenn – formaður
 Ásta Kristín Þorsteinsdóttir, Farfuglum
 Berglind Víktorsdóttir, Ferðaþjónusta bænda
 Páll Gíslason, Fannborg
 Rannveig Grétarsdóttir, Hvalaskoðun Reykjavíkur

Markaðsráð SAF (skipuð af stjórn SAF)

Sævar Skaptason, Ferðaþjónusta bænda – formaður
 Guðmundur Óskarsson, Icelandair
 Marín Magnúsdóttir, Practical
 Sigurður Valur Sigurðsson, Iceland Express
 Þórir Garðarsson, Allrahanda

Kjörnefnd fyrir aðalfund 2012

Lára B. Pétursdóttir, Congress Reykjavík
 Ólafur Torfason, Reykjavíkurhótel
 Þorsteinn Guðjónsson, Ferðaskrifstofa Íslands

Fulltrúar SAF í nefndum og ráðum:

Samtök atvinnulífsins:

Stjórn SA:

Árni Gunnarsson
 Grímur Sæmundsen

Fulltrúaráð SA:

Árni Gunnarsson
 Áslaug Alfreðsdóttir
 Birkir Hólm Guðnason
 Grímur Sæmundsen
 Gunnar Guðmundsson
 Lára B. Pétursdóttir
 Magnea Hjálmarssdóttir
 Matthías Imsland
 Ólafur Torfason
 Steingrímur Birgisson

Stjórn ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ

Sævar Skaptason
 Varafulltrúi
 Árni Gunnarsson

Ferðamálaráð:

Anna G. Sverrisdóttir
 Helgi Már Björgvinsson
 Sævar Skaptason

Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða

Anna G. Sverrisdóttir
 Sævar Skaptason
 Varafulltrúi
 Gunnar Valur Sveinsson
 Unnur Svavarsdóttir

Flugráð

Lárus Atlason
 Varafulltrúi
 Hörður Guðmundsson

Nefnd iðnaðarráðherra um endurskoðun laga um skipan ferðamála

Gunnar Valur Sveinsson

Stýrishópur v. undirbúnings VAKANS

Erna Hauksdóttir

Úrskurðarnefnd v/flokkunar gististaða

Áslaug Alfreðsdóttir
 Kristófer Oliversson
 Sigrún Sigmundsdóttir



Stjórn Iðunnar, fræðslumiðstöðvar
Ingólfur Haraldsson

Matvæla- og veitingarvið Iðunnar
Trausti Víglundsson
varamaður: Ingólfur Haraldsson

Sveinsprófsnefnd í framreiðslu
Ólafur Örn Ólafsson
varamaður: Sólborg Steinhórsdóttir

Sveinsprófsnefnd í matreiðslu
Jakob Magnússon
varamaður: Friðgeir Ingi Eiríksson

Nemaleyfis- og fagnefnd í framreiðslu
Ingólfur Haraldsson

Nemaleyfis- og fagnefnd í matreiðslu
Bjarni Óli Haraldsson

Starfsgreinaráð í matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinum
Trausti Víglundsson
María Guðmundsdóttir
Til vara:
Hildur Jónsdóttir
Ingólfur Haraldsson

Stjórn Starfsafls
María Guðmundsdóttir

Menntanefnd SA
María Guðmundsdóttir

Stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins
María Guðmundsdóttir

Vinnustaðanámssjóður
María Guðmundsdóttir, varamaður

Fagráð ferðaþjónustunnar
María Guðmundsdóttir

Fagráð Opna háskólans í HR
María Guðmundsdóttir

Rannsóknarmiðstöð ferðamála
Bjarnheiður Hallsdóttir

Samstarfsráð flutningamála
Gunnar Valur Sveinsson

Stýrihópur og dómnefnd um Bláfánann
Erna Hauksdóttir

AÐALFUNDUR SAF 2011

Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar var haldinn 24. mars í Hofi á Akureyri en um 160 manns sóttu fundinn. Aðalumsæðuefni fundarins var vetrarferðaþjónusta og gæða- og umhverfiskerfið VAKINN. Árni Gunnarsson, formaður SAF, fjallaði um hvernig áföll s.s. efnahagskreppa og eldgos hafa eflt samstöðu í greininni t.d. með markaðsáttakinu Inspired by Iceland. Jafnframt fjallaði Árni um auknar fjárfestingar í greininni og með hvaða hætti þær skapa heilsársstörf í þjóðfélaginu. Árni fjallaði einnig um markaðsaðgerðir, aukið mikilvægi ráðstefnumarkaðarins, framkvæmdasjóð ferðamanna- staða og mikilvægi þess að kjarasamningar séu gerðir til lengri tíma. Katrín Júlíusdóttir, ráðherra ferðamála, fjallaði um ferðaþjónustuna sem vonarneista við núverandi

aðstæður í íslensku efnahagslífi og að stjórnvöld litu til greinarinnar í því sambandi. Hún fjallaði jafnframt um árangurinn af Inspired by Iceland og mikilvægi þess að lengja og jafna ferðamannatímabilið með áherslu á vetrarferðamennsku. Hún sagði frá vilyrði stjórnvalda fyrir fjárframlögum til samstarfsverkefna í vöruþróun og markaðsmálum með svipuðum hætti og fyrirkomulagið var í Inspired by Iceland þar sem stjórnvöld og greinin sjálf lögðust á eitt um að markaðssetja landið og var því fagnað. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF, benti á að nýting fjárfestinga yfir veturinn væri forsenda þess að hægt væri að ná viðunandi arðsemi í greininni og að aukin arðsemi væri forsenda þess að hægt yrði að auka gæði þjónustunnar og að fyrirtækin



Árni Gunnarsson, formaður SAF, á aðalfundi samtakanna í Hofi.



Frá aðalfundi í salnum í Hofi.



Gunnar Rafn Birgisson, Atlantik, Ólafur Þorgeirsson, Hótel Borg, Hlynur Jónsson, Hótel Kea.

hefðu ráð á að fara í vöruþróun og markaðsstarf. Erna greindi frá stýringu þessa miklvæga verkefnis. Hermann Ottósson, Íslandsstofu og verkefnastjóri í stýrihóp um vetrarferðamennsku, greindi frá því að breiður hópur hagsmunaaðila stæði að verkefninu. Hann fjallaði um rannsóknarvinnu, stefnumótandi aðgerða- og framkvæmdaáætlun sem unnin væri í þessu sambandi og lagði áherslu á mikilvægi góðs samstarfs í verkefninu. Þá fjölluðu Helgi Már Björgvinsson Icelandair og Ásbjörn Björgvinsson, Markaðsstofu Norðurlands, um viðhorf sín til möguleika í tengslum við vetrarferðamennsku. Elías Gíslason Ferðamálastofu kynnti nýja umhverfis- og gæðakerfið VAKANN. Hann greindi frá aðdraganda og sögu gæðakerfisins, innleiðingu og fjármögnun þess, útskýrði um hvers konar kerfi væri að ræða, framkvæmd þess og að kerfið yrði að fullu komið í gagnið árið 2012.

Fjórir félagsmenn SAF, þau Áslogu Alfreðsdóttir, Hótel Ísafirði, Guðmundur K. Tryggvason Bautanum, Arngrímur Viðar Ásgeirsson, Ferðaskrifstofu Austurlands, og Bjarnheiður Hallsdóttir, Katla Travel, fjölluðu um



Ingibjörg G. Guðjónsdóttir, Íslenskir fjallaleiðsögumenn.

áherslu SAF til framtíðar. Þá fór fram verðlaunaafhending Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála með fulltingi Samtaka ferðapjónustunnar, en 100.000 króna verðlaun voru veitt fyrir framúrskarandi lokaverkefni um ferðamál sem unnið er af nemandi við háskóla hér á landi. Það var ritgerð Áslogu Briem „Þjónustugæði í íslenskrri ferðapjónustu og áhrif mismunandi menningar á þjónustu“.

ÁLYKTARNIR AÐALFUNDAR

Ályktun aðalfundar SAF 2011

Heildarumsvif ferðapjónustunnar hafa aldrei verið meiri og voru við síðustu mælingar 209 milljarðar króna á ári. Ferðapjónustan er á sama tíma burðarás í gjaldreyrissköpun sem nú mælist u.þ.b. 20% af heildargjaldreyrissköpun þjóðarinnar. Það skiptir því miklu að hlúa að rekstrarumhverfi hennar svo hún geti í framtíðinni orðið enn verðmætari og þar liggja stærstu tækifærin í aukinni vetrarferðapjónustu.

Það eru þó alvarlegar blikur á lofti sem eru minnkandi eftirspurn vegna minni kaupmáttar, gegndarlausar skattahækkunar sem draga mátt úr fyrirtækjunum, síaukin gjaldtaka hins opinbera og stöðnun í fjárfestingum í atvinnulífinu.

Ferðapjónustan á mikið undir því að atvinnulífið í heild blómstri en þar ríkir víðast hvar stöðnun og óvissa. Mikilvægt er að blása til sóknar. Þar er mikilvægast að gera 3 ára kjarasamning sem leiði til aukins kaupmáttar og fjölgunar atvinnutækifæra og stjórnvöld fari í samstarf við aðila vinnumarkaðarins um nauðsynlegar aðgerðir til að koma atvinnulífinu upp úr hjólförum. Þetta eru atvinnuleiðirnar út úr krepunni.

Ferðapjónustan hefur kallað eftir samvinnu greinarinnar og stjórnvalda í einu brýnasta verkefni framtíðarinnar sem er vöruþróun fyrir vetrarferðapjónustu og markaðssetningu hennar. Hún leiðir til betri nýtingar fjárfestinga yfir vetrartímamann sem mun bæta arðsemi greinarinnar. Þannig verður Ísland spennandi staður fyrir ferðamenn að heimsækja á næstu misserum. Því er nauðsynlegt að endurnýjun og nýsköpun eigi sér stað og til þess þarf fjármagn.

Samtök ferðapjónustunnar fagna því vilýrði ríkisstjórnarinnar að leggja fé í samstarf með greininni í vöruþróun og markaðssetningu á vetrarferðapjónustu.



Ályktun um ferðamennsku á hálandinu

Aðalfundur SAF fagnar því að hafin er vinna við áætlun um ferðamennsku á hálandi Íslands. Mikilvægt er að verkefninu verði tryggt brautargengi og fjármagn enda lýsir atvinnugreinin sig tilbúna til að vinna með stjórnvöldum að þeim þætti. Verkefnið er mjög mikilvægt með tilliti til verndunar náttúru Íslands og með því tryggjum við áframhaldandi möguleika á nýtingu auðlindarinnar til gjaldeyrissköpunar.

Ályktun um almannatengsl

Aðalfundur SAF leggur til að samtökin leggi aukna áherslu á að kynna fyrir landsins lýð mikilvægi ferðapjónustunnar á sviði gjaldeyrissköpunar. Til þess að stýra markvissri sókn samtakanna verði ráðinn almannatengill til SAF. Draga þarf enn frekar fram í dagsljósið að ferðapjónustan er grein í örum vexti og sú atvinnugrein sem hefur hvað mesta möguleika til fjölgunar starfa í landinu.

Ályktun um rannsóknir

Aðalfundur SAF kallar eftir auknu framlagi opinberra aðila til rannsókna á sviði ferðapjónustu. Óskar greinin eftir því að framlag til rannsókna taki mið af hlutdeild greinarinnar til heildar landsframleiðslu.

Ályktun um innflutning matvæla

Aðalfundur/veitinganefnd SAF ályktar að kvótauppboð á landbúnaðarafurðum sé farið að skaða ímynd ís-

lenskrar ferðapjónustu og skorar á stjórnvöld að afnema kvótauppboð og leyfa innflutning á þeim kjöt og mjólkurafurðum þar sem eftirspurn er meiri en íslenskir bændur og framleiðendur geta uppfyllt.

Ályktun um gistináttaskatt

Fundurinn mótmælir öllum framkomnum hugmyndum um álagningu gistináttagjalds. Fyrir liggur að framkvæmd mun verða flókin, illframkvæmanleg með sanngjörnum hætti og bjóða heim hættu á markaðsmunun. Fundurinn bendir á vægi tekna ríkissjóðs af erlendum ferðamönnum af áfengisgjaldi, eldsneytisgjaldi og virðisaukaskatti. Þetta eru tekjur sem annars væru ekki til staðar og greiðendur hennar nota sér hvorki mennta- né heilbrigðiskerfi.

Ályktun um leyfismál

Fundarmenn þakka það góða starf sem SAF hafa unnið í því skyni að koma í veg fyrir ólöglega starfsemi gisti- staða og hvetur stjórnina til að halda því áfram. Fundurinn hvetur stjórn SAF til að stíga næsta skref og beina spjótum sínum að bókunarávélum, ferðaskrifstofum og gistimiðlum hvers konar, sem auglýsa leyfislausu og/ eða ólöglega starfsemi. Einnig að hlutast til um að refsíákvæði laga verði virkjuð. Jafnframt skorar fundurinn á SAF að taka að sér að verða umsagnaraðili gagnvart ofangreindum aðilum, þannig að þeir geti snúið sér til SAF og fengið staðfest hvort rekstraraðilar hafi tilskilin leyfi.

FÉLAGSFUNDIR

24. maí 2011. SAF héldu opinn félagsfund með Vegagerðinni. Þessi opni fundur er árlegur viðburður þar sem Vegagerðarmenn fara yfir það sem er á döfinni í vegagerð og svara spurningum fundarmanna.

27. maí 2011. SAF og Harpa buðu félagsmönnum SAF og starfsfólki þeirra til samkomu í Hörpu. Hátt í 700 manns mættu og fengu kynningu, skoðunarferð og veitingar.

7. júní 2011. Veitinganefnd hélt félagsfund á Radisson Blu Hótel Sögu um nemaleyfin, ný framhaldsskóla

lög og stöðu námsins í Hótel- og matvælasjólanum. Fjölmenni var á fundinum.

9. júní 2011. SAF og IÐAN fræðslusetur héldu námskeið um erlenda menningarheima.

1. júlí 2011. Kynningarfundur um kjarasamninga við leiðsögumenn var haldinn og fór Álfheiður M. Sívertsen, lögfræðingur hjá SA yfir efnisatriði samningsins og svaraði spurningum fundarmanna.

28. september 2011. SAF og Iðan fræðslusetur héldu námskeið um erlenda menningarheima.

10. október 2011. Fundur SAF o.fl. í Hörpu þar sem samningurinn um ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ var undirritaður.

11. október 2011. Afþreyingarnefnd SAF hélt vinnustofu í Borgartúni 35, 6 hæð. Edda Sólveig Gísladóttir fjallaði um mikilvægi internetsins í almennri markaðssetningu, Eva María Þórarinsdóttir fjallaði um að þekkja markhópin sinn og Rósa Stefánsdóttir fjallaði um

mikilvægustu samfélagsmiðlana. Fjölmenni var á fundinum.

27.-28. nóvember 2011. SAF héldu stefnumótunarfund vegna markaðs-herferðarinnar ÍSLAND ALLT ÁRIÐ í Veisluturninum, Kópavogi. Þangað voru kallaðir stjórn SAF, allar fag- nefndir samtakanna, framvæmda- stjórnar markaðsstofanna og þeir sem hafa átt sæti í stýrihópum um verk- efnið s.s. fulltrúar frá Íslandsstofu, iðnaðarráðuneyti, Reykjavíkurborg, Byggðastofnun og Nýsköpunar- miðstöð.

28. október 2011. SAF héldu félags- fund og fjallaði Jón Ásgeir Tryggva- son frá Ríkisskattstjóraembættinu um gistináttaskatt sem mun leggjast á allar gistinætur frá og með 1. janúar 2012.

4.-7. nóvember 2011. Kynnisferð hótél- og veitingamanna innan SAF til Helsinki þar sem haldinn var fundur með finnsku hótél- og veitingasamtökunum, fyrirtæki heimsótt og kynningar fengnar á

nokkrum hótélum og veitinga- stöðum.

11. nóvember 2011. Nýsköpunar- verðlaun SAF 2011 voru afhent á Icelandair Hótel Natura á afmælis- degi SAF. KEX Hostel hlaut verðlaunin að þessu sinni fyrir vandaða hönnun og útfærslu á gístaðstöðu.

15. desember 2011. SAF boðaði til félagsfundar á Grand Hótel Reykjavík til að kynna niðurstöður stefnu- mótunarvinnu um verkefnið ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ og umræður um næstu skref.

1. febrúar 2012. SAF og Íslandsstofa héldu fund á Grand Hótel Reykjavík þar sem rætt var um franska ferða- markaðinn og franska ferðamanninn nú og í framtíðinni. Jürgen Bachmann, stjórnarmaður í CETO – Samtökum franskra ferðaheildsala, Eric Biard, framkvæmdastjóri Island Tours France, og Armelle Guillot, sölustjóri Reed exhibitions héldu fyrirlestra.

8. febrúar 2012. Hádegisfundur var á vegum ferðaskrifstofunefndar SAF á Icelandair Hótel Natura. Fulltrúar frá Icelandair, Ferðamálastofu og ISAVIA héldu fyrirlestra. Fjölmenni var á fundinum.

16. febrúar 2012. Dagur menntunar í ferðapjónustu var haldinn af hálfu SAF í fimmta skipti og sóttu 130 manns fundinn. Mikill fjöldi fyrir- lesara voru á fundinum s.s. Tony Donohoe frá IBEC, systursamtökum SA á Írlandi, Hrund Gunnsteinsdóttir, Krád Consulting, María Guðmunds- dóttir, Helmut Kronika, Atli Lýðsson og Áslaug Briem. Í lokin afhenti Katrín Jakobsdóttir starfsmennta- verðlaun SAF sem Iceland Travel hlaut að þessu sinni.

28. febrúar 2012. Félagsfundur var haldinn á vegum veitinganefndar SAF um breytt umhverfi nema. Ólafur Jónsson, sviðsstjóri matvæla- og veitingasviðs lúnnar fjallaði um nýjar reglur um nemaleyfi, vinnu- staðanámssjóðinn o.fl.

SAMNINGAR SAF – BESTU KJÖR

Samningur við STEF

Samningur er í gildi milli SAF og STEF um samskipti aðila m.a. um að hótél og veitingahús fái afslátt af gjaldskrá. Samningur þessi hefur verið mjög mikilvægur, ekki síst fyrir krár og aðra skemmtistaði sem greiða há gjöld.

Samningur við VALITOR

Í gildi er samningur milli SAF og VALITOR um bestu kjör fyrir félagsmenn vegna bæði debet- og kreditkorta.

Samningur við Kreditkort h.f.

Í gildi er samningur við Kreditkort h.f. um ábyrgðar- og þjónustugjöld og gildir það fyrir öll fyrirtæki í SAF.

Samningur við Kortapjónustuna

Í gildi er samkomulag við Kortapjónustuna ehf. um betri kjör félagsmanna SAF.

Samningur við Flugfélag Íslands

Í gildi er samningur milli SAF og Flugfélags Íslands um vildarkjör fyrir félagsmenn SAF. Flugfélagið gefur út flugkort í þessu skyni og sækja félagsmenn um kortið. Það veitir félagsmönnum a.m.k. 20% afslátt af fullu flugverði.



ÝMISLEGT

Merki SAF

Merki Samtaka ferðaþjónustunnar eru til í þremur stærðum fyrir félagsmenn, þá stærstu líma félagsmenn á útidyr fyrirtækjanna, miðstærðin er til að setja í rúður á hurðum hópbifreiðanna og minnstu miðarnir eru til að líma í glugga bílaleigubílananna. Í hugum viðskiptavina er ákveðinn gæðastimpill á fyrirtækjum sem eru félagar í samtökum viðkomandi greinar, það þýðir m.a. að við-

komandi fyrirtæki er með leyfi fyrir rekstrinum og fær upplýsingar um lög og reglur sem um reksturinn gilda.

Borðfáni SAF

SAF eiga borðfána úr silki með merki samtakanna og eru þeir til sölu á skrifstofunni.

SKRIFSTOFA OG STARFSFÓLK



Erna Hauksdóttir.



Gunnar Valur Sveinsson.



María Guðmundsdóttir.



Marta Ragnarsdóttir.

Skrifstofa SAF er að Borgartúni 35 í Reykjavík og er opin virka daga frá kl. 8:30 til 16:30. Helstu verkefni skrifstofunnar er gerð og túlkun kjarasamninga í samvinnu við SA, rekstur hinna ýmsu hagsmunamála gagnvart opinberum aðilum og öðrum, mikið starf að fræðslumálum og umhverfismálum, gæða- og öryggismálum auk upplýsingamála og mikils samstarfs við fjölmiðla. Staðið er fyrir fundum, útgáfu fréttabréfa og alls kyns þjónustu við félagsmenn. Gerðar eru hagkannanir, ráðgjöf veitt í ýmsum málum og samningar við aðila um bestukjör til handa félagsmönnum o.fl. Geta félagsmenn leitað til skrifstofunnar um flest sín mál.

Framkvæmdastjóri SAF er Erna Hauksdóttir. Aðrir starfsmenn eru Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri, María Guðmundsdóttir, fræðslu- og upplýsingafulltrúi og Marta Ragnarsdóttir sem sér um almennt skrifstofuhald.

Heimasíða SAF – www.saf.is Á heimasíðunni er að finna helstu upplýsingar um samtökin auk þess sem haldið er úti fréttum af því sem framundan er. Á heimasíðunni er ennfremur félagatal sem félagsmenn uppfæra sjálfir

og færa inn upplýsingar um vörur sínar og þjónustu á íslensku og ensku. Þar eru viðtöl við frumkvöðla undir yfirskriftinni „Saga ferðaþjónustunnar“, rafræn stjórnendahandbók sem er leiðbeinandi fyrir stjórnendur varðandi faglega starfsmannastjórnun. María Guðmundsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi SAF, er ritstjóri heimasíðunnar.

Rafrænt fréttabréf

Skrifstofa SAF sendir félagsmönnum rafrænt fréttabréf þegar koma þarf nauðsynlegum upplýsingum, tilkynningum og umfjöllunum á framfæri. Fréttabréfið er ennfremur sent til fjölmiðla, þingmanna, ráðuneyta o.fl. Á starfssárinu voru send út 17 fréttabréf með tölvuþósti.

Upplagseftirlit SAF

SAF hafa tekið að sér upplagseftirlit meðal útgáfufyrirtækja innan samtakanna en upplagseftirlit var áður framkvæmt af Viðskiptaráði Íslands, sem staðfesti upplagstölur rita undir eftirliti en sú þjónusta var lögð af. Upplagstölur og dreifing er sannreynd og upplýsingarnar sendar út.

ÝMSAR MYNDIR FRÁ FÉLAGSSTARFINU



Frá félagsfundi í afþreyingarnefnd um mikilvægi Internetsins.



Niðurstöður stefnumótunarinnu vegna ÍSLAND ALLT ÁRIÐ kynntar.



Frá kynningarfundum SAF og Hörpu í Hörpu í maí 2011.



Frá undirritun samnings um ÍSLAND ALLT ÁRIÐ í Hörpu.



Úr rútuferð hópbifreiðanefndar vegna aðgengismála.



Frá súpufundi um markaðsmál.



Fræðsluaðilar og starfsmenntasjóðir kynntu starfsemi sína á Degi menntunar í ferðaþjónustu.



Frá súpufundi um flugsamgöngur og ferðahegðun á vegum ferðaskrifstofunefndar.



VAKINN kynntur á fundi veitinganefndar SAF.



S A F

www.saf.is